

Stjórnarfundur 19. september 2014 í Grafarvogskirkju

Fundinn sóttu Guðrún Karls Helgudóttir formaður, Guðmundur Karl Einarsson gjaldkeri, Sigurvin Lárus Jónsson ritari, Katrín Helga Ágústsdóttir meðstjórnandi, Elmar Freyr Árnason varamaður og Þórunn Harðardóttir varamaður. Framkvæmsdastjóri Eva Björk Valdimarsdóttir.

### **1. Kirkjuþing unga fólksins 2015**

Stjórnin ákvað að fela Sigríði Rún Tryggvadóttur umsjón með kirkjuþingi unga fólksins annað árið í röð.

### **2. Landsmót ÆSKP 2014**

Farið yfir tæknimál. Elmar hefur verið í sambandi við hljómsveitina Sálmari og Gunnar Ægi tæknimann. Við þurfum að athuga með netsambandið í íþróttahúsinu og Elmar ætlar að tala við Magnús og þeir ætla að prófa það.

Fræðslan. Sigurvin hefur fengið Siggju Dögg kynfræðing til liðs við okkur og mun hún tala um kynhegðun og heilbrigði. Rætt um það hvort við þurfum að fá að vita hvað hún ætlar að segja eða setja henni einhverjar skorður varðandi myndbirtingu. Eva er búin að tala við Þorbjörgu í Barnahúsi og biðja hana að vera á staðnum í kringum fræðsluna og var hún til í það. Lagt til að Þorbjörg og Siggja Dögg sjái báðar um þennan hluta fræðslunnar. Þorbjörg hefur mikla reynslu af meðferð fyrir þolendur kynferðisofbeldis og þannig er hægt að passa uppá að tekið sé tillit þess að hugsanlega séu þolendur í hópnun. Tillagan samþykkt og Eva talar við Þorbjörgu og athugar hvort hún geti verið með Siggju Dögg í fræðslunni.

Leiðtogar. Borist hefur beiðni um undanþágu fyrir stúlku sem ekki verður orðin 18 ára á mótinu um það hvort hún geti á einhvern hátt fengið hlutverk leiðtoga. Þó að það sé hart þá verðum við að halda okkur við afmælisdaginn en stúlkan getur fengið undanþágu og verið skráð sem þátttakandi.

Umsjón með sjálfbóðaliðum. Eva er búin að tala við Kristján Ágúst og hann er að hugsa málið hvort hann sé til í að taka það hlutverk að sér aftur.

Trygging fyrir mótið. Guðmundur tekur að sér að kaupa hana.

### **3. Samþykkt var svohljóðandi yfirlýsing:**

Stjórn Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar lýsir yfir vonbrigðum með tímasetningu kirkjuþings haustið 2014 þar sem hún stangast á við tímasetningu landsmóts ÆSKP. Dagsetning landsmóts var kynnt með góðum fyrirvara og auk þess er löng hefð fyrir því að halda landsmót ÆSKP seinni hluta október.

Fundi slitið 16.30.